

Fundur 13.nóvember.03

Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar Reykhólahrepps 13. nóvember 2003

Ár 2003 þann 13. nóvember kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar kl. 09:00. Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra og byggingarfulltrúa.

1) Rif á gömlu íbúðarhúsi í Hvallátrum, erindi frá Hvallátrum ehf. Samþykkt.

2) Hyrningsstaðir, lögfræðiálit frá Lögmönnum Klapparstíg. Um er að ræða kröfu jarðeigenda Hyrningsstaða til byggingarfulltrúa þess efnis að eigendum sumarhúsa á jörðinni verði gert að fjarlægja byggingar sínar. Niðurstaða lögmannsins er sú að ekki liggi fyrir nægjanlega málefnalegar ástæður er réttlætt geti svo íþyngjandi ákvörðun sveitarstjórnar um niðurrif húsanna eða að þau verði fjarlægð með öðrum hætti af umræddum lóðum. Beri því að hafna umræddu erindi.

Nefndin fellst á álit lögmannsins. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá skráningu húsanna í fasteignamat í samráði við Fasteignamat ríkisins.

3) Erindi frá sveitarstjóra Reykhólahrepps um leyfi til innréttinga á einu óinnréttaðu rými á efri hæð Barmahlíðar. Erindið samþykkt en málsettar teikningar vantar.

4) Erindi frá Böðvari Jónssyni á Akureyri; eiganda sumarhúss sem staðsett hefur verið síðan snemma í sumar á bílastæðinu við Bjarkalund. Húsið hefur verið staðsett þar til bráðabirgða með leyfi sveitarstjórnar. Böðvar óskar eftir því að umrætt sumarhús fái að standa á núverandi stað fram til vors 2004.

Samþykkt að veita frest til 15. maí 2004.

5) Utanhússlýsing á Barmahlíð. Nefndin samþykkir tillögurnar. Stjórn Barmahlíðar falið að ganga frá málinu í samráði við Reykhóladeild Lions (sem gefur lýsinguna).

6) Byggingarfulltrúi kynnti skýrslu Brunamálastofnunar sem og úttekt á nokkrum byggingum hreppsins.

7) Frístundahús í landi Þórisstaða, erindi frá Skipulagsstofnun þar sem kemur fram að Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn afgreiði byggingarleyfi fyrir umrætt hús. Nefndin samþykkir erindið og byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.

8) Sunnuhvoll í Flatey. Lagt var fram bréf Þórólfs H. Hafstað jarðfræðings vegna umsóknar um að reisa sumarhús þar sem heitir Sunnuhvoll í Flatey en þar í grennd er eitt af vatnsbólum byggðarinnar. Niðurstaða hans er sú að þótt byggt verði upp að nýju í Sunnuhvoli muni það ekki á nokkurn hátt geta spilt vatnsbólinu sé þess gætt að öllu frárennsli frá húsinu verði beint suður af klapparbakinu, þ.e. í átt að Brekkubæjarmýri.

Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.

2

9) Byggingarfulltrúi greindi frá heimsókn frá Fasteignamati ríkisins í gær á Reykhóla. Í ljós hefði komið að það vantaði skráningartöflu bæði fyrir Reykhólaskóla og Barmahlíð. Enn fremur lægi fyrir eignaskiptasamningur frá árinu 1998 fyrir Barmahlíð, en í ljós hefði komið að sá samningur væri kolvitlaus og ónothæfur.

Byggingarfulltrúa falið að ræða við höfund eignaskiptasamningsins. Enn fremur þarf að láta gera skráningartöflur sem fyrst.

Byggingarfulltrúi undirritaði fundargerð og vék af fundi kl. 11:00

Bogi Kristinsson Magnusen (sign).

10) Fundur Einars S. Óskarssonar frá Siglingastofnun 26. september 2003 á Reykhólum með sveitarstjóra, hafnarverði og fulltrúa Þörungaverksmiðju. Sveitarstjóri lagði fram minnispunkta sína.

11) Greinargerð Einars S. Óskarssonar hjá Siglingastofnun (drög að svari til Reykhólahrepps við bréfi sveitarstjóra frá febrúar 2003). Þórður benti á að bryggjan á Stað er ókláruð ferjubryggja og kanna þarf hvort ríkissjóður eigi ekki að kosta þá framkvæmd að fullu. Sveitarstjóra falið að kanna málið.

12) Siglingamálaáætlun 2003-2006 (tilkynning).

13) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi gjaldskrá Reykhólahafnar sbr. ný hafnalög nr. 61/2003. Sveitarstjóri greindi frá því að nú væri gjaldskrá hafna orðin frjáls með nýjum lögum. Þess vegna væri Sambandið að óska eftir eintaki af nýrri gjaldskrá. Samþykkt að styðjast við gildandi gjaldskrá miðað við uppfært verðlag.

14) Umsókn um framlög til hafnarframkvæmda og sjóvarna, eyðublað Siglingastofnunar.

Sveitarstjóra falið að klára málið.

15) Skoðun á öryggisbúnaði við Reykhólahöfn, bréf frá Umferðarfulltrúa Vestfjarða. Fram kemur m.a. að stigar sumir hverjir í Reykhólahöfn séu erfiðir til notkunar vegna þess hve brúnin er breið. Gústaf ítrekaði fyrir bókun sína frá 10. desember varðandi þetta mál. Nefndin tekur undir bókun Gústafs.

16) Loftmyndataka, bréf frá Hniti h/f verkfræðistofu (tilkynning)

17) Mengunaróhöpp, bréf frá Umhverfisstofnun (tilkynning)

18) Erindi frá Reyni Bergsveinssyni varðandi minkaveiðar (vísað til nefndarinnar á 214. fundi hreppsnefndar 9. október 2003).

3

Nefndin leggur til að Austur-Barðastrandarsýsla verði gerð að tilraunasvæði þannig að stefnt yrði að því að gera sýsluna minklausu með tilstyrk umhverfisyrivalda. Beitt yrði bæði minkasíum og öðrum aðferðum. Sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við Umhverfissráðuneytið um þetta mál.

19) Endurskoðun fjallskilareglugerðar Reykhólahrepps. Nefndin leggur til að reglugerðin verði óbreytt nema 10.gr. þar sem lagt er til að skilaréttum í hreppnum verði fækkað úr fimm í þrjár, þ.e. verði framvegis eingöngu í Króksfjarðarnesi, Kinnarstöðum og Múla í Kollafirði.

Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13:00

Þórður Jónsson
Gústaf Jökull Ólafsson
Sveinn Ragnarsson
Einar Örn Thorlacius (ritar)